

LÖG

um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 29. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ráðherra getur í reglugerð að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins bannað innflutning og framleiðslu eiturefna og hættulegra efna sem haft geta skaðleg áhrif á umhverfið. Ráðherra getur heimilað Hollustuvernd ríkisins að veita tímabundnar undanþágur frá slíku banni í því skyni að draga smám saman úr innflutningi og framleiðslu efnisins og kveðið þar á um hvaða skilyrðum slík undanþága skuli háð.

Við veitingu innflutnings- og framleiðsluleyfa skv. 3. mgr. er heimilt að taka mið af markaðshlutdeild umsækjanda undanfarin fimm ár. Þegar stefnt er að algeru banni við innflutningi og framleiðslu efnis er heimilt að hafna umsókn aðila sem hefur ekki flutt inn eða framleitt efnið áður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 3. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: raffræðinga.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

- Á eftir orðunum „tilskipunar 85/384/EBE“ í 1. tölul. kemur: með síðari breytingum.
- Á eftir orðunum „tilskipunar 89/48/EBE“ í 2. tölul. kemur: með síðari breytingum.
- Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Við framkvæmd 1. tölul. 1. mgr. skal þess gætt að synjun um leyfi sé rökstudd. Bera má málið undir dómstóla, svo og ef ákvörðun er eigi tekin innan þriggja mánaða frá því að umsækjandi leggur inn umsókn sína ásamt fylgiskjöllum.

3. gr.

Við 9. gr. laganna bætist: svo og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

4. gr.

Lög þessi, sem byggjast á tilskipun 2001/19/EB, öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 2. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 44/2001, bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

13. Fyrir háttsemi sem greinir í samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó frá 10. mars 1988.
14. Fyrir háttsemi sem greinir í bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu frá 10. mars 1988.
15. Fyrir háttsemi sem greinir í samningi um vörslu kjarnakleyfra efna frá 3. mars 1980.

2. gr.

Við 2. mgr. 165. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 41/1973, bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir ef gripið er inn í stjórn skips eða botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

3. gr.

Við 1. mgr. 168. gr. laganna, sbr. 80. gr. laga nr. 82/1998, bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir ef raskað er öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

4. gr.

Á eftir 169. gr. laganna kemur ný grein, 169. gr. a, svohljóðandi:

Hver sá sem ólöglega tekur við, hefur í vörslum sínum, notar, flytur, breytir, losar eða dreifir kjarnakleyfum efnum og stofnar með því lífi manna, heilsu eða eignum í háska skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Ef brot skv. 1. mgr. hefur í för með sér almannahættu varðar það fangelsi allt að 16 árum.